



83. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 13. maí, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnáði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Bréf frá Lýðheilsustöð.
3. Bréf frá Skákkfélaginu Hróknum.
4. Vilko ehf - Annáll 2003.
5. Bréf frá Tvistinum ehf.
6. Bréf frá KH hf.
7. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna 65. fulltrúaráðsfundar 2004.
8. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna námsleyfis grunnskólakennara 2004 - 2005.
9. Fundargerð Héraðsnefndar A-Hún.
10. Fundargerð Héraðsráðs A-Hún.
11. Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.
12. Bréf frá samgönguráðuneytinu.
13. Bréf frá Óm hús.
14. Drög að starfsmannastefnu Blönduóssbæjar.
15. Frá SSNV:
 - a. Fundargerðir 2004.
 - b. Skýrsla um eflingu sveitarstjórnarstigsins.
16. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.
 - a. **Fjölskylduhátíðin Matur og Menning.** *Rætt um undirbúning en ákveðið er að hátíðin standi yfir dagana 16. – 18. júlí. Verið er að ganga frá ráðningu við Sigurð Sigurðarson, rekstrarráðgjafa sem framkvæmdastjóra hátíðarinnar.*
 - b. **Stýrihópur um atvinnumál.** *Bæjarstjóri greindi frá verkefnum sem stýrihópurinn hefur verið að vinna að. Fundir hafa verið haldnir með framkvæmdastjóra rannsóknþjónustunnar Sýni ehf. en fyrirtækið býður uppá ráðgjöf og þjónustu við matvælafyrirtæki. Áhugi er á samvinnu af hálfu beggja aðila og hefur ráðgjafi verið fenginn til að móta verkefnið nánar. Frekari verkefni eru enn á trúnaðarstigi.*
 - c. *Staða Atvinnuþróunarfélags Norðurlands vestra var rædd og staða atvinnumála í sveitarfélaginu almennt.*



2. Bréf frá Lýðheilsustöð.

Í bréfinu er verið að kanna áhuga á samstarfi við verkefni Lýðheilsustöðvar sem hefur það markmiði að stuðla að heilbrigðum lífsháttum barna og fjölskyldna. Bréfinu er vísað til umsagnar í fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefnd.

3. Bréf frá Skákfélaginu Hróknum.

Í erindi forseta Hróksins er þess farið á leit að bæjarfélagið taki þátt í áheitasöfnun skákfélagsins. Í lok maí er fyrirhugað að safna áheitum meðal einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga með því að standa fyrir skákmaraþoni. Ætlunin er að senda öllum börnum á landinu sem fædd eru 1996 bókina "Skák og mát" að gjöf og heimsækja skóla landsins til að efla skákáhuga. Bæjarráð samþykkir að verða við erindinu og veita verkefninu 20 þúsund króna framlag.

4. Vilko ehf - Annáll 2003.

Í skýrslunni er farið yfir það helsta í rekstri Vilko ehf. á sl. ári og þær nýjungar sem fyrirhugaðar eru. Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Tvistinum ehf.

Í erindi Guðnýjar Sigurðardóttur, Jóns Kristjánssonar og Þorsteins Jónssonar, eigenda Tvistsins ehf. er sótt um stækkun lóðar við starfsstöð flutningsfyrirtækisins að Norðurlandsvegi 1. Ástæða beiðinnar er aukin umferð langra ökutækja við starfsstöðina og aukin þörf fyrir rýmra aðgengi vegna losunar og lestunar. Bæjarráð samþykkir erindið og vísar því til umsagnar í skipulags- og byggingarnefnd.

6. Bréf frá KH hf.

Í erindi framkvæmdastjóra KH, Lúðvíks Vilhelmssonar, er greint frá því að fyrirhugað sé að nýbygging þjónustustöðvar Olúfélagsins verði opnuð í næsta mánuði en KH mun taka að sér reksturinn. Bent er á að smæð lóðarinnar sé mjög takmarkandi þáttur í að viðskiptavinir í vöruflutningum eigi viðskipti við þjónustustöðina vegna aðgengismála. Er þess farið á leit við bæjaryfirvöld að vegsvæði í umsjá Blönduóssbæjar við Norðurlandsveg verði skipulagt á þann hátt að það nýtist vöruflutningabifreiðum sem stæði. Í bréfinu er jafnframt rætt um frágang lóða á svæðinu í nágrenni við þjónustustöðina.

Bæjarráð tekur jákvætt í að umrætt svæði verði skipulagt þannig að vöruflutningabifreiðar geti lagt þar og vísar erindinu til skipulags- og byggingarnefndar til nánari umfjöllunar. Hvað frágang lóða og fegrun svæðisins varðar er bæjarstjóra falið að rita eigendum lóðanna bréf og knýja á um úrbætur.

7. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna 65. fulltrúaráðsfundar 2004.

Fundurinn var haldinn 23. apríl sl. Hjálagt fylgir ályktun fundarins um eflingu sveitarstjórnarstigsins, ársskýrsla sambandsins 2003 og ársskýrsla Lánasjóðs sveitarfélaga 2003. Lagt fram til kynningar.



- 8. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna námsleyfis grunnskólakennara 2004 - 2005.**
Í bréfinu eru þeir aðilar kynntir sem hlotið hafa námsleyfi skólaárið 2004-2005.
- 9. Fundargerð Héraðsnefndar A-Hún.**
Fundurinn var haldinn 27. apríl sl og er fundargerðin lögð fram til kynningar.
- 10. Fundargerð Héraðsráðs A-Hún.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar en fundurinn var haldinn 6. maí sl.
- 11. Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.**
Fundurinn var haldinn 27. apríl sl. Lagt fram til kynningar.
- 12. Bréf frá samgönguráðuneytinu.**
Bréfið er tilkomið vegna bókunar bæjarstjórnar Blönduóssbæjar um samgöngumál hinn 6. apríl sl. Þar sem þingsályktunartillögu um vegagerð úr Borgarfirði um Stórasand í Skagafjörð er harðlega mótmælt. Fór bæjarstjórn þess jafnframt á leit að kannað yrði með þjóðhagslega arðsemi þjóðveggar 1 um Þverárfjall, Hegranes, Hjaltadal og í gegnum Tröllaskaga með jarðgöngum yfir í Hörgárdal. Ráðuneytið þakkar ábendingarnar en tekið er fram að hvorug veglagningin er ráðgerð í samgönguáætlun 2003-2014.
- 13. Bréf frá Óm hús.**
Bréfitarar, Ólafur A. Guðmundsson og Einar P. Sigurjónsson frá Óm hús vilja með erindi sínu kanna hvort bæjaryfirvöld eigi falt land sem hentað gæti undir nokkur bjálkahús. Áætla þeir að hefja starfsemi á sviði ferðaþjónustu á Norðurlandi og óska eftir upplýsingum og viðræðum við forsvarsmenn sveitarfélagsins vegna möguleika á landsvæðum. Bæjarstjóra falið að ræða við eigendur Óm hús.
- 14. Drög að starfsmannastefnu Blönduóssbæjar.**
Ákveðið að senda stjórnendum sveitarfélagsins drögin og jafnframt drög sem lögð voru fram á síðasta fundi bæjarráðs. Bæjarstjóri haldi vinnufund með stjórnendum til að útfæra stefnuna nánar.
- 15. Frá SSNV:**
 - a. Fundargerðir 2004.** *Lagðar fram fundargerðir stjórnar frá 21. janúar, 6. febrúar, 22. mars, 19. apríl sl.*
 - b. Skýrsla um eflingu sveitarstjórnarstigsins.** *Skýrslan er lögð fram til kynningar.*
- 16. Önnur mál.**
 - a. Tilboð í viðgerð á eldri byggingu grunnskólans.** *Borist hefur tilboð frá Stíganda ehf. vegna viðgerðar á "gamla barnaskólahúsinu". Tilboðið hljóðar uppá kr. 14.561.080,- og kostnaðaráætlun bæjartæknifræðings er kr. 14.191.950,- Bæjarráð samþykkir tilboð Stíganda og felur bæjartæknifræðingi að ganga frá samningi við Stíganda um verkið.*



- b. Tillaga frá Ágústi Þór Bragasoni:** “Undirritaður leggur til að bæjarstjórn skipi þverpólítískan starfshóp bæjarfulltrúa sem fjalli um málefni hitaveitu Blönduóss og fái fullt umboð til að kannna kosti og galla þess að selja hitaveituna og aðrar veitur í eigu bæjarsjóðs. Starfshópurinn skili tillögum sínum til bæjarstjórnar eigi síðar en 1. október 2004 þar sem fram komi tillögur að leiðum og lagt verði mat á kosti þeirra og galla. Starfshópurinn verði skipaður einum fulltrúa frá hverju framboði.” Bæjarráð samþykkir tillöguna samhljóða og leggur til að gengið verði frá tilnefningu í starfshópinn á næsta fundi bæjarstjórnar.
- c. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga.** Sjóðurinn hefur tekið fyrir lánsúmsókn Blönduóssbæjar fyrir árið 2004 og samþykkt að veita sveitarfélaginu 30 mkr. lán. Bæjarráð samþykkir lántökuna, lánsfjárhæð og kjör og veitir jafnframt tryggingu í tekjum sveitarfélagsins vegna lántökunnar, sbr. 4. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og 13. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 35/1966 og felur bæjarstjóra að ganga frá lánamálunum.

**Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 19:30.**

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)